

# Matvælaráðuneytið

## Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**  
Dags: **27.10.2022**  
Boðaðir: **Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Haraldur L. Haraldsson, Kolbeinn Árnason**  
Fundarmenn: **Allir mættir**  
Bréfalykill: **02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi**  
Málsnúmer: **MAR22020305**

Efni: Fiskeldissjóður - 34. fundargerð

### Frásögn af fundi

#### Dagskrá fundar:

1. *Fæðingarorlof starfsmanns sjóðsins og kynning á nýjum starfsmanni*

Stjórn sjóðsins var upplýst um að Hallveig Ólafsdóttir, fyrrum starfsmaður sjóðsins, væri farin í fæðingarorlof. Í hennar stað kemur Hjalti Jón Guðmundsson, starfsmaður matvælaráðuneytisins.

2. *Ársreikningur 2021*

Stjórn sjóðsins fjallaði um ársreikning ársins 2021. Samkvæmt ársreikningi sem fjársýslan skilaði í júní sl., og stjórn fékk í hendurnar í október, kemur ekki fram fjárskuldbinding vegna styrktarsamninga ársins 2021. Fjallað var um að greiðslur hefðu ekki farið út á árinu 2021 en að stjórnin teldi rétt að fram kæmi í ársreikningi fjárskuldbinding sjóðsins til þess að greiða úthlutuðum verkefnum. Starfsmanni sjóðsins var falið að kanna leiðréttingu á framangreindu.

3. *Ársskýrsla vegna ársins 2021*

Stjórn fjallaði um ársskýrslu vegna ársins 2021. Fram kom að stjórn væri búin að útbúa ramma að ársskýrslu. Í þeim ramma kemur m.a. fram umfjöllun um hlutverk sjóðsins, starfsemi hans og úthlutun styrkja. Hyggst stjórn birta ársskýrslu á vef sínum fiskeldissjodur.is. Var starfsmanni sjóðsins falið að afla tilboða í uppsetningu á ársskýrslu svo hægt væri að birta hana á vefnum.

4. *Hver er staðan á greiðslu styrkja vegna úthlutunar 2022 til styrkþega?*

Starfsmanni sjóðsins var falið að kanna hver væri staða á greiðslu styrkja vegna úthlutunar ársins 2022.

5. *Hver er staðan á greiðslu styrkja vegna ársins 2021 og á þeim verkefnum sem styrkir voru veittir til?*

Starfsmanni falið að kanna hver staðan væri á verkefnum sem var úthlutað til á árinu 2021.

6. *Skipulag og undirbúningur úthlutunar árið 2023. Hafa allt tilbúið til auglýsingar eftir umsóknum fyrir áramót. Þannig að hægt verði að auglýsa strax á nýju ári.*

Stjórn sammála um að byrja þyrfti mjög fljótlega að undirbúa úthlutun ársins 2023. Áætlað er stjórn að auglýsa í byrjun árs 2023.

*7. Önnur mál*

Næsti fundur boðaður þann 8. nóv. nk.

**Niðurstaða og ákvarðanir**

**Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl**

Nr.	Efni	Ábyrgur starfsmaður	Dags. rætt	Áætluð lok	Lokað
1.	Starfsmanni sjóðsins falið að kanna leiðréttingu á ársreikningi 2021	Hjalti Jón	27.10.2022	08.11.2022	<input type="checkbox"/>
2.	Starfsmanni sjóðsins falið að kanna framvindu úthlutaðra verkefna árið 2021 og óska eftir ljósmyndum af verkefnastöðu sem hægt væri að birta í ársskýrslu	Hjalti Jon	27.10.2022	08.11.2022	<input type="checkbox"/>
3.	Starfsmanni sjóðsins falið að afla tilboða í uppsetningu ársskýrslu svo birta mætti hana á heimasíðu sjóðsins, fiskeldissjodur.is	Hjalti Jón	27.10.2022	08.11.2022	<input type="checkbox"/>